Fullgild rafræn undirskrift
KJARTAN GUÐMUNDSSON
2026-06-22 15:55:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
FREYR ÆVARSSON
2026-06-22 15:57:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Terra umhverfisþjónusta hf.
Berghellu 1
Hafnarfjörður 220
Ísland

22. júní 2026, Reykjavík
UOS-3282

# Efni: Reglubundið eftirlit þann 20. maí 2026 hjá Terra umhverfisþjónusta hf.

Þann 20. maí 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Terra umhverfisþjónusta hf., Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

## 4 ný frávik komu fram í eftirlitinu er varða:

| Frávik frá | Lýsing á fráviki | Staða á fráviki |
|---|---|---|
| gr. 1.2 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 5. mars 2026<br><br>Allur atvinnurekstur sbr. viðauka I, II og IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun eða heilbrigðistnefndir gefa út, sbr þó 7. gr. a og 8. gr í lögum 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti.<br><br>*Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð. Rekstraraðili losar vatnsblandaðan frostlög í fráveitukerfi á starfsstöð sinni að Berghellu 1, 220 Hafnarfirði*<br><br>**Rekstraraðili hefur skilað úrbótaáætlun vegna fráviksins** | **Opið** |
| gr. 4.2 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 20. maí 2026<br><br>Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi. | **Opið** |

| | | |
|---|---|---|
| | *Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt mæliáætlun í starfsleyfi. Mælingar 2025 voru ekki fullnægjandi. Taka skal sýni úr úttaki olíuskilju og niðurstöður vantar vegna rennslis, hitastigs, selens (Se), títans (Ti), baríums (Ba), beryllíums (Be), bórs (B), úrans (U), vanadíums (V), kóbalts (Co), þallíums (Tl), tellúrs (Te) og silfurs (Ag).* | |
| gr 4.2 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 20. maí 2026<br><br>Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi<br><br>*Rekstraraðili skal vakta innihald söfnunarþróa fyrir hverja tæmingu ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró. Við eftirlit 20. maí 2026 kom í ljós að spilliefni berast reglulega í söfnunarþró án þess að innihald söfnunarþróa hafi verið mælt.* | **Opið** |
| gr. 4.2 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 20. maí 2026<br><br>Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi<br><br>*Rekstraraðili skal framkvæma vöktunarmælingar einu sinni á ári fyrir 1. okt ár hvert. Rekstraraðili framkvæmdi mælingar 27. október 2025.* | **Lokað** |
| gr. 2.2. í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 20. maí 2026<br><br>Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðaupplýsingum<br><br>*Ekki var tilkynnt um breytingar á tengilið við stofnunina. Rekstraraðili uppfærði upplýsingar um tengilið þann 20. maí 2026.* | **Lokað** |

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á útistandandi frávikum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **13. júlí 2026.**

Virðingarfyllst,

**Kjartan Guðmundsson**
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Umhverfis- og orkustofnun

**Freyr Ævarsson**
Sérfræðingur í teymi eftirlits